

Erindisbréf menningar- og mannlífsnefndar Kópavogs

I. Kafli

Skipan og umboð.

1. gr.

Málaflokkar.

Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs er kosin af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer, í umboði bæjarstjórnar, með lista-, menningar- og fjölmennigarmál-fjölmennigar- og mannlífsmál Kópavogsbæjar. Nefndin fer með málefni Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Salarins – tónlistarhúss og Bókasafns Kópavogs skv. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012.

2. gr.

Nefndarfulltrúar og áheyrnarfulltrúar.

Nefndin er skipuð fimm nefndarfulltrúum í samræmi við viðauka III. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar (bæjarmálasamþykkt), og jafn mörgum til vara. Nefndin er kosin til fjögurra ára í senn. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Nefndarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum nefndarinnar auk þess sem nefndarfulltrúar hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum nefndarinnar.

Áheyrnarfulltrúar skulu skipaðir í samræmi við 40. gr. bæjarmálasamþykktar. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum nefndarinnar en ekki tillögurétt eða atkvæðisrétt.

II. Kafli

Fundir og starfshættir.

3. gr.

Hlutverk forstöðumanns og umbóta- og þróunarstjóra.

Forstöðumaður menningarmála er starfsmaður nefndarinnar. Forstöðumaður eða starfsmaður á vegum forstöðumanns undirbýr og boðar fundi nefndarinnar í samráði við formann og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Forstöðumaður ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd. Umbóta- og þróunarstjóri hefur seturétt á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Fjöldi funda.

Fjöldi funda nefndarinnar er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum kosningum og árlega eftir það, skal formaður leggja fram funda- og starfsáætlun til samþykktar.

5. gr.

Boðun og dagskrá.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarfulltrúar og áheyrnarfulltrúar verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og nauðsynleg fundargögn.

Í dagskrá skal tilgreint við hvern dagskrárlið hvort mál sé lagt fram til kynningar, umræðu eða ákvörðunar. Í tillögurétti felst réttur til þess að óska eftir að málefni verði tekið á dagskrá fundar. Ef

enginn nefndarfulltrúa andmælir því að fundarstjóri stýri fundi á grundvelli útsendrar dagskrártillögu telst hún þegjandi samþykkt sem dagskrá fundarins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá enda samþykki 2/3 viðstaddra nefndarfulltrúa þau afbrigði. Þó er skylt að fresta ákvörðun í slíku máli ef einhver nefndarfulltrúa óskar þess.

6. gr.

Fundarsókn.

Nefndarfulltrúa er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti nefndarfulltrúi ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað og tilkynna það formanni og starfsmanni nefndarinnar.

Nefndarfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur nefndarfulltrúa er mættur á fundinn. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema fundur sé lögmætur.

Áheyrnarfulltrúi sem ekki getur mætt til fundar skal boða varaáheyrnarfulltrúa í sinn stað og tilkynna það formanni og starfsmanni nefndarinnar.

7. gr.

Fundarsköp og málsmeðferð.

Um fundarsköp og málsmeðferð í nefndinni fer eftir því sem við á samkvæmt viðauka II. við bæjarmálasamþykkt.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar og varaformaður í forföllum formanns. Ef formaður og varaformaður eru forfallaðir felur formaður öðrum nefndarmanni að stýra fundi.

Fundir nefndarinnar skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur boðað á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til upplýsingagjafar undir umræðu um einstaka mál. Starfsfólk skal víkja af fundi að upplýsingagjöf lokinni.

Nefndin tekur ákvarðanir á lögmætum fundum.

Nefndin skal á fundum sínum hvort sem er taka fyrir þau erindi sem berast eða taka fyrir mál að eigin frumkvæði. Nefndin skal fjalla um mál og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarráðs. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða hafna, vísa því frá eða vísa því til staðfestingar bæjarráðs. Nefndin getur einnig vísað málum til umsagnar annarra ráða, nefnda eða umbóta- og þróunarstjóra, eða annarra aðila. Skal niðurstaða máls ráðast af einföldum meirihluta atkvæða.

Nefndinni er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Nefndarfulltrúar eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í nefndinni. Bókun felur einungis í sér afstöðu viðkomandi til máls en ekki beiðni um vinnuframlag eða ákvörðun í máli. Áheyrnarfulltrúar í nefndinni hafa ekki rétt til að leggja fram bókun.

Nefndin skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta að vönduðum stórnýsluháttum og að farið sé að stórnýslulögum og gildandi verklagsreglum.

8. gr.

Ritun fundargerða.

Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. II. viðauka bæjarmálasamþykktar.

9. gr.

Hæfi og skyldur.

13. gr.

Nefndin skal við allar ákvarðanir hafa heildarhagsmuni íbúa að leiðarljósi. Nefndarfulltrúum ber ávallt að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Nefndarfulltrúar sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til siðareglna kjörinna bæjarfulltrúa hjá Kópavogsbæ sem skulu gilda um nefndarfulltrúa og áheyrnarfulltrúa.

Nefndarfulltrúi og áheyrnarfulltrúi eru vanhæfir til allrar þátttöku í meðferð máls sem varða þá sjálfa eða náið skyldmenni þeirra og skulu í slíkum tilvikum víkja af fundi áður en mál er tekið til umræðu. Um hæfi nefndarfulltrúa, áheyrnarfulltrúa og starfsfólks nefndarinnar vísast til 17. gr. bæjarmálasamþykktar.

Nefndarfulltrúar og áheyrnarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi nefndarinnar og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Nefndin skal óska eftir því að gestir gæti trúnaðar eftir eðli máls hverju sinni.

14. gr.

Starfsmannamál.

Nefndin hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið nefndarinnar. Nefndin hefur hvorki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki bæjarskrifstofu. Nefndarfulltrúar koma ekki að ráðningu starfsfólks.

Rekstur stofnana og starfsmannamál eru á ábyrgð ráðinna stjórnenda. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir fyrir rekstri, fjárhag og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

V. Kafi

Gildistaka

15. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 1691/2024.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann xx 2025 og tekur gildi frá þeim degi.